

Nd.

172. Lög

um innlenda skiftimynt.

(Afgreidd frá Nd. 12. mars).

1. gr.

Slegin skal íslensk skiftimynt, er gjaldgeng sje á Íslandi einungis. Myntirnar gildi 2 krónur, 1 krónu, 25 aura, 10 aura, 5 aura, 2 aura og 1 eyri.

2. gr.

Tveggja króna peningar og krónupeningar skulu slegnir úr samsteypu af eiri, nikkeli og alúminíi, tuttugu og fimmeyringar og tveyringar úr samsteypu af eiri og nikkeli, fimmeyringar og tvieyringar og eineyringar úr samsteypu af eiri, tinni og sinki, eftir nánari ákvæðum í 3. gr.

3. gr.

Skiftimyntir þessar skulu að stærð, þunga og málmblöndun vera sem hér segir:

	Þver- mál mm.	Þyngd alls gr.	Málmblöndun:
a) Peningar, sem gildi 2 krónur ...	28	9,5	} 92 þyngdarhlutar af eiri, 6 þyngdarhlutar af alúminíi og 2 þyngdarhlutar af nikkeli
b) Peningar, sem gildi 1 krónu ...	22,5	4,75	
c) Peningar, sem gildi 25 aura... ..	17	2,4	} 75 þyngdarhlutar af eiri og 25 þyngdarhlutar af nikkeli
d) Peningar, sem gildi 10 aura... ..	15	1,5	
e) Peningar, sem gildi 5 aura	24	6	} 95 þyngdarhlutar af eiri, 4 þyngdarhlutar af tinni og 1 þyngdarhluti af sinki
f) Peningar, sem gildi 2 aura	19	3	
g) Peningar, sem gildi 1 eyri	15	1,6	

4. gr.

Breyta má ákvæðum 2. og 3. gr. með konungsúrskurði, ef hin önnur Norðurlandarríki krefjast þess, eftir myntsamningnum, til þess að hin nýja mynt verði ekki of lík þeirra eigin skiftimynt.

5. gr.

Peningarnir skulu vera kringlóttir, og skulu 2 krónu, 1 krónu, 25 aura og 10 aura peningarnir vera gáróttir í röndina, en hinir peningarnir sljettir í röndina.

6. gr.

Ekki má skakka meiru um rjetta þyngd á tveggja króna peningum og einnar krónu peningum, þegar hver peningur er prófaður fyrir sig, en þjer segir:

Á tveggja króna peningi 1 af hundraði.

Á einnar króna peningi $1\frac{1}{2}$ af hundraði.

7. gr.

Skiftimyntir þær, sem að framan eru nefndar, skulu vera löglegur gjaldeyrir, eftir því verði, sem á þeim stendur, bæði í gjöldum til ríkissjóðsins og manna í milli, ef þær eru ekki orðnar mjög mikið eða ólöglega skaddaðar. Þó skal enginn vera skyldur til að taka við sem borgun í einu meira en 20 krónum í einnar krónu og tveggja krónu peningum, 5 krónum í 25-eyringum og 10-eyringum, og 1 krónu í 5-eyringum, 2-eyringum og 1-eyringum. Skiftimyntir þessar hætta þá fyrst að vera löglegur gjaldeyrir í ríkissjóð, er þær eru orðnar svo slitnar, að ekki verður með vissu sjeð, að þær sjeu íslenskar. Gagnvart öllum öðrum hætta þær að vera löglegur gjaldeyrir, þegar mótonin er svo máð, að hún er orðin ógreinileg.

8. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði auglýsingar frá 25. sept. 1873, er birtir á Íslandi peningalög frá 23. maí 1873, um skiftimyntir þessar, að því leyti sem þau geta átt við þær.

9. gr.

Stjórninni er heimilt að banna flutning mynta þeirra, er ræðir um í lögum þessum, úr landi.

Brot á slíku banni varðar sektum, frá 10 til 10000 krónum. Um mál út af þeim brotum fer sem almenn lögglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 9, 20. júní 1923, um skiftimynt úr einnikkel.